

Hákon Jensson

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Fjöllum 2 í Norðurþingi, Norður- Þingeyjarsýslu



Búnaðarsamband Eyjafjarðar

Rannsóknarskýrslur 2019/2



Forsíðumynd: Birkikjarr innan skipulagssvæðis



© Hákon Jensson
Búnaðarsamband Eyjafjarðar,
Akureyri 2019/2

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	1
AÐFERÐIR.....	3
FJÖLL (FJÖLL 2).....	3
FORNLEIFASKRÁ.....	4
SAMANTEKT.....	11
HEIMILDASKRÁ.....	12

1. Inngangur

Skýrslu höfundur var beðinn um að annast fornleifaskráningu á deiliskipulagi fyrir frístundabyggð á Fjöllum 2 l.nr. 154084 í sveitarfélaginu Norðurþingi í Norður-Þingeyjarsýslu. Í kringum 1985 var skipulögð frístundabyggð í landi Fjalla 2. Það deiliskipulag er barns síns tíma og hefur það ekkert formlegt gildi í dag. Í gamla skipulaginu voru 4 lóðir skipulagðar en er fyrirhugað að skipuleggja allt að 6 lóðir til viðbótar þannig að í heild verði þær 10.¹ Í dag standa þrír bústaðir innan svæðisins.

Afmarkað skipulagssvæði er 19,7 ha að stærð og liggur í afgirtu birkigrónu hrauni um 1,4 km austan bæjarins, svæðið er vel gróið og skjólsælt.²

Vettvangsvinnan fór fram þann 30. September 2018. Mannvit á Húsavík sér um deiliskipulagið. Skýrslu höfundur vill þakka heimildarmönnum og þá sérstaklega Jóhannesi Héðinssyni fyrir leiðsögn um svæðið og upplýsingar um fornleifar á jörðinni og Guðmundi Héðinssyni fyrir upplýsingar um staðarhætti og upplýsingar um fornleifar á svæðinu.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar Íslands: 2015.

2. Tilgangur fornleifaskráningar

Megin markmið fornleifaskráningar er að tryggja varðveislu menningararfsins ásamt því að gera bæði sveitarfélögum og Minjastofnun kleift að móta stefnu í minjavörslu.³ Til þess að fyrirbyggja að minjar verði fyrir skemmdum við framkvæmdir þá voru sett ákvæði í lög að skráning á menningarminjum eigi sér stað áður en gengið sé frá deiliskipulagi eða aðalskipulagi. Jafnframt að sá kostnaður sem hlýst af við skráninguna skuli leggjast á þann sem ber ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslögin.⁴

Í lögum um menningarminjar frá árinu 2012 í I. kafla, 3. grein er ítarleg upptalning á menningarminjum en samkvæmt þeim eru: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar

¹Vigfús Sigurðsson, Skipulagslýsing vegna frístundahúsabyggðar við Fjöll 2, bls. 2.

² Vigfús Sigurðsson, Skipulagslýsing vegna frístundahúsabyggðar við Fjöll 2, bls. 3.

³ Heimasíða Minjastofnunar, <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>.

⁴ Heimasíða Minjastofnunar, <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>.

- kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
 - c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
 - d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
 - e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
 - f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
 - g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
 - h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
 - i. skipsflök eða hlutar þeirra.
 - j. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.”⁵

Varðandi verndun á fornleifum þá er því lýst nokkuð ítarlega í VI. Kafla, 21. grein að: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.”⁶

Þar sem fornleifar eru til staðar þá er ágætt að skoða svo VI. kafla, 22 grein í þjóðminjalögunum en þar er skýrt tekið fram að: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.”⁷

Þrátt fyrir að í fornleifaskráningunni finnst engar fornleifar þá er þó mikilvægt að hafa í huga VI. kafla, grein 24 í þjóðminjalögunum að: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonunn umsvifalaust svo skera megir úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”⁸

⁵ Heimasíða Alþingis, <https://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>.

⁶ Heimasíða Alþingis, <https://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>.

⁷ Heimasíða Alþingis, <https://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>.

⁸ Heimasíða Alþingis, <https://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>.

Frá árinu 2013 hefur Minjastofnun verið með staðlaða skráningu fyrir fornleifar. Tilgangurinn með því var sá að samræma gögn og hafa ákveðna kröfu um lágmarksgæði. Þar af leiðandi ættu framkvæmdaaðilar og skráningaraðilar að hafa nokkuð góðar upplýsingar um kröfur Minjastofnunnar til fornleifaskráningar.⁹

3. Aðferðir

Við skráningu fornleifa á staðnum var notast við skráningarstaðla Minjastofnunnar Íslands. Við undirbúningsvinnuna og úrvinnsluna var notast við ýmis konar heimildir og gögn, til dæmis loftmyndir frá Loftmyndum ehf. frá 1998 og 2007 Google Earth, örnefnaskráningu og fornleifaskráningu sem Fornleifastofnun Íslands gaf út 2008 um Kelduneshrepp. Teknar voru GPS staðsetningar í skýrslunni frá Fornleifastofnun Íslands til þess að kanna hvort einhverjar skráðar fornleifar eða heimildir um fornleifar reyndust vera innan deiliskipulagssvæðsins. Niðurstaðan varð sú að þær voru allar víðs fjarri umræddu svæði. Ekki reyndist þörf á að skoða túnkort þar sem framkvæmdasvæðið er langt frá bænum og þar af leiðandi langt fyrir utan túnkortið.

Þann 30. september 2018 gekk svo skýrsluhöfundur um deiliskipulagssvæðið skipulega og þar sem minjastaðir fundust þá voru þeir hnitsettir (ÍSN93), upplýsingar skráðar um þá, þeir ljósmyndaðir og minjastaður mældur upp. Kortin voru svo unnin í Microstation v8i forritinu með loftmynd undir frá Loftmyndum ehf. frá 2007 Þrátt fyrir að hafi verið gengið skipulega til verksins þá verður að hafa það í huga að óþekktar fornleifar geta alltaf komið í ljós og verður þá að taka tillit til þess í framkvæmdunum.

4. Fjöll

Fjöll var landnámsjörð og afmarkaðist hún af hreppa- og sýslumörkum að vestan og sunnan allt að Rauðhól, en að austan að landamerkjum við Lón og Víkingavatn. Allmikið land tilheyrði jörðinni áður fyrr¹⁰ en jörðin Auðbjargarstaðir er til að mynda byggð úr landi Fjalla.¹¹

Stór hluti af afréttarlandi jarðarinnar eru austurhlíðar Fjallafjalla allt til efstu toppa. Há og brött fjöllin eru sundurskorin af giljum. Neðarlega í giljunum er mikill gróður og víða skógarkjarr en ofar eru melar og skriður og ekki jafn gróðursælt. Suður með fjöllum er gróðursælt heiðarland og falla þær lækir norður og þykir þar vera nokkuð gott beitiland fyrir sauðfé.¹²

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns stendur að nægur skógur sé fyrir eldivið og til kolagjörðar. Torfrista og mótekja séu hins vegar lök og grýtt en grastekja sé næg fyrir heimilið. Hlunnindi af reka séu hins vegar lítil og léleg.¹³ Einnig er minnst á að einhvern tímann í

⁹ Heimasíða Minjastofnunnar, <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/>.

¹⁰ Runólfur Elentínusson. 2003, bls. 46

¹¹ Runólfur Elentínusson. 2003, bls. 50.

¹² Runólfur Elentínusson. 2003, bls. 46.

¹³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 11 bindi, bls. 276

fyrndinni hafi staðið bænhús á jörðinni en upplýsingar um staðsetningu þess séu fyrir löngu glataðar.¹⁴

Allt frá árinu 1863 hefur sama ættin búið á Fjöllum¹⁵ og er það raunin ennþá í dag. Árið 1957 var nýbýlið Fjöll 2 byggt úr landi Fjalla og er það helmingur jarðarinnar, það var þó einungis tún og ræktað land sem var sérstaklega skipt upp annað var óskipt land.¹⁶

5. Fornleifaskrá

Fornleifanúmer: 2015-01

A593882.48 N620953.78 ISN93

Kolagröf vel falinn í kjarri norður af heimreið á lóð (Fjöll 2 lóð 7). Eins og má sjá á mynd 1. Þá er hún vel gróinn og hulinn kjarri að miklu leyti.



Hlutverk: Kolagröf

Tegund: Niðurgroftur

Þvermál: 1 m

Dýpt: 0,4 m

Mynd 1: Kolagröf 2015-01 vel gróinn og hulinn kjarri.

¹⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 11 bindi, bls. 275.

¹⁵ Runólfur Elentínusson. 2003, bls. 46.

¹⁶ Runólfur Elentínusson. 2003, bls. 48.

Fornleifanúmer: 2015-02

Hnit: A593859.32 N621066.79 ISN93

Kolagröf vel gróinn staðsett um 50 m norður af húsi á lóð (Fjöll 2 lóð 6) innan í kjarri.



Hlutverk: Kolagröf

Tegund: Niðurgröftur

Þvermál: 1 m

Dýpt: 0,4 m

Mynd 2: Kolagröf 2015-02 vel gróinn og hulin kjarri.

Fornleifanúmer: 2015-03

Hnit: A593844.85 N621118.73 ISN93

Kolagröf staðsett um 100 m norður af húsi á lóð (Fjöll 2 lóð 6) í gróðursælli laut og kjarr allt í kring.



Hlutverk: Kolagröf

Tegund: Niðurgröftur

Þvermál: 0,64 m

Dýpt: 0,3 m

Mynd 3: Kolagröf 2015-03 í laut og nokkuð af kjarri í kring.

Fornleifanúmer: 2015-04

Hnit: A593995.34 N621169.78 ISN93

Kolagröf norð-austur um 80 m frá húsi á lóð (Fjöll 2 lóð 3) í gróðusælu rjóðri umkringgt kjarri.



Hlutverk: Kolagröf

Tegund: Niðurgröftur

Þvermál: 0,9 m

Dýpt: 30 cm

Mynd 4: Kolagröf 2015-04 í laut vel gróinn.

Fornleifanúmer: 2015-05

Hnit: A593980.44 N621149.09 ISN93

Fyrri af tveim kolagröfum sem eru skammt frá hvor annarri um 56 m norð-austur af húsi á lóð (Fjöll 2 lóð 3) í vel grónu rjóðri umkringdu kjarri.



Hlutverk: Kolagröf

Tegund: Niðurgroftur

Þvermál: 0,64 m

Dýpt: 0,30 m

Mynd 5: Kolagröf 2015-05 vel gróinn í rjóðri.

Fornleifanúmer: 2015-06

Hnit: A593976.51 N621148.02 ISN93

Seinni af tveimur kolagröfum staðsett norð-austur um 59 m frá húsi á lóð (Fjöll 2 lóð 3) í vel grónu rjóðri umkringdu kjarri.



Hlutverk: Kolagröf

Tegund: Niðurgroftur

Þvermál: 1 m

Dýpt: 0,35 m

Mynd 6: Kolagröf 215-06 vel gróinn í rjóðri umkringdu kjarri.

Fornleifanúmer: 2015-07

Hnit: A593979.80 N620943.40 ISN93

Kolagröf staðsett um 10 m í laut á smá hæð fyrir ofan lóð (Fjöll 2 lóð 7) með kjarri allt í kring.



Hlutverk: Kolagröf

Tegund: Niðurgröftur

Þvermál: 1,1 m

Dýpt: 0,35 m

Mynd 7: Kolagröf 2015-07 vel gróinn umkringd kjarri.

Fornleifanúmer: 2015-08

Hnit: A593927.55 N621008.16 ISN93

Vandfundinn kolagröf vel falinn innan í kjarri beint norður af miðri heimreið á lóð (Fjöll 2 lóð 5).



Hlutverk: Kolagröf

Tegund: Niðurgröftur

Þvermál: 1 m

Dýpt: 0,30 m

Mynd 8: Kolagröf 2015-08 var ekki vel gróinn en hulinn kjarri.

Fornleifanúmer: 2015-09

Hnit: A593975.290 N621243.758 ISN93

Kolagröf í gróðursælu rjóðri um 150 m norð-austur af lóð (Fjöll 2 lóð 3) umkringd kjarri.



Hlutverk: Kolagröf

Tegund: Niðurgröftur

Þvermál: 1,1 m

Dýpt: 0,40 m

Mynd 9: Kolagröf 2015-09 vel gróinn í rjóðri umkringdu kjarri.

Fornleifanúmer: 2015-10

Hnit: A593747.18 N620885.57 ISN93

Kolagröf í um 160 m suð-vestur af húsi á lóð (Fjöll 2 lóð 6) í gróðursælu rjóðri og eina sem fannst sem var ekki alveg umkringd kjarri.




Hlutverk: Kolagröf

Tegund: Niðurgröftur

Þvermál: 0,81 m

Dýpt: 0,35 m

Mynd 10: Kolagröf 2015-10 vel gróinn.



nafn: Fjöll 2 land l.nr. 216503	teikn. 05.02.2019 hj	Skýringar: Fornleifar í deiliskipulagsreit í landi Fjalla 2 land l.nr. 216503	 BÚGARDUR RÁÐGJAFARÞJÓNUSTA NORÐAUSTURLANDI Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is
NORÐURÞING	mælikv. 1:2500 í A4	Unnið eftir mynd nr. f691 / gps mæl. frá Loftmyndir ehf. 2007	

6. Samantekt

Í vettvangsrannsókninni innan deiliskipulagssvæðisins á Fjöllum 2 fundust 10 kolagrafir. Samkvæmt heimildarmönnum þá var vitað að kolagrafir væru víða á svæðinu en ekki var vitað um neinar aðrar fornleifar. Ekki fundust neinar heimildir sem benda til annarra fornleifa né fundust nokkur ummerki eftir þær á vettvangi. Svæðið er vel gróið birki og hefur það breitt hratt úr sé eins og sést best á mun á loftmyndum frá Loftmyndum ehf. 1998, 2007 og svo á nýlegri loftmyndum frá Google Earth.

Heimildarmaður gat eftir smá athugun bent á 3 grafir og eftir það var gengið um svæðið skiplega sem var þó ekki auðvelt yfirferðar vegna kjarrsins og oft þurfi að hafa mikið fyrir því að komast í gegnum það. Flestar þær kolagrafir sem fundust voru í vel grónum lautum innan í birki kjarrinu. Að öllum líkindum eru fleiri kolagrafir á svæðinu en þar sem kjarrið hefur breitt svo mikið úr sér á liðnum árum þá eru ekki taldar góðar líkur á að finna þær.

Í bókinni Mannvist er nefnt að algengast sé að finna kolagrafir á berangri eða skóglausum svæðum en erfitt geti verið að finna þær í skóglendi.¹⁷ Einnig er þar minnst á að flestar kolagrafirnar sem fundist hafa hafi verið nokkuð líkar innbyrðis að stærð. Til að mynda þær grafir sem hafa verið skoðaðar í Suður-Þingeyjarsýslu séu flestar um 1 m. í þvermál.¹⁸ Það passar mjög vel við þær grafir sem fundust á Fjöllum 2 en þær voru flestar í kringum 1. m í þvermál og vel grónar.

Þrátt fyrir að ekki hafi fundist mikið af menningarminjum né séu þær umfangsmiklar sem fundust við vettvangskönnun þá er ágætt er að hafa það í huga að fornleifar hafa 15 m. friðhelgi. Þar sem fornleifaskráning tekur aðeins á minjum sem sjást á yfirborði þá er alltaf sá möguleiki fyrir hendi að fleiri minjar leynist undir yfirborðinu þegar framkvæmdir hefjast. Verður þá að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Akureyri, 13. mars 2019. Hákon Jensson

¹⁷ Birna Lárusdóttir. 2008, bls. 282.

¹⁸ Birna Lárusdóttir. 2008, bls. 281.

7. Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1943). Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Kelduhverfi. ellefta. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag. [Reykjavík: Sögufélagið. Ljósprentuð útgáfa 1988.

Birna Lárusdóttir, aðrir höfundar Adolf Friðriksson, Árni Hjartarson, Bjarni F. Einarsson, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Guðmundur J. Guðmundsson, Hildur Gestsdóttir, Orri Vésteinsson og Þóra Pétursdóttir. (2011). Mannvist. Sýnisbók íslenskra fornleifa. Bókaútgáfan Opna. Reykjavík

Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðað 16.02.2019.

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráning fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/>. Skoðað 16.02.2019

Runólfur Elentínusson (ritstjóri). Þórarinn Þórarinsson, Kristín Kristjánsdóttir og Brynjar Halldórsson. (2003). Land og Fólk, Byggðasaga Norður-Þingeyinga. Búnaðarsamband Norður-Þingeyinga.

Stefán Ólafsson (ristjóri). Oddgeir Hansson, Stefán Ólafsson og Þóra Pétursdóttir. (2008). Fornleifaskráning í Kelduneshreppi, Fyrri bindi. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Stefán Ólafsson (ristjóri). Oddgeir Hansson, Stefán Ólafsson og Þóra Pétursdóttir. (2008). Fornleifaskráning í Kelduneshreppi, Síðara bindi. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.


Vigfús Sigurðsson, Skipulagslýsing vegna frístundahúsabyggingar við Fjöll 2 Kelduhverfi, Norðurþingi, 2018.

Örnefnaskrá fyrir Fjöll og Auðbjargarstaði. Kelduneshrepp. Norður-Þingeyjarsýslu. (1975). Örnefnastofnun

Munnlegar heimildir:

Guðmundur Sigurgeir Héðinsson Fjöllum 2

Jóhannes Héðinsson Fjöllum 1



nafn: FJÖLL 2 land og Fjöll 1	teikn. 05.02.2019 hj	Skýringar: Deliskipulagsreitir fyrir Fjöll 2 land I.nr. 216503 og Fjöll 1 I.nr. 154083	 BÚGARÐUR RÁÐGJAFARÞJÓNUSTA NORÐAUSTURLANDI Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is
NORÐURÞING	mælikv. 1:4000 í A4	Unnið eftir mynd nr. f691/ gps mæl. frá Loftmyndir ehf. 2007	